



Saman um jafnrétti í 40 ár

26.
 ágúst

Afmælisráðstefna

Árið 1974 var á vettvangi Norrænu ráðherranefndarinnar ákveðið að hefja formlegt samstarf á sviði jafnréttismála. Samstarfið hefur aukið þekkingu okkar á jafnréttismálum og fært okkur nær markmiðinu um norræn samfélög velferðar, réttlætis og lýðræðis. Í dag mælist kynjajafnrétti hvergi meira en á Norðurlöndunum. Markmið samstarfsins hefur frá upphafi verið að auka kynjajafnrétti á Norðurlöndunum og að norrænu ríkin taki í sameiningu virkan þátt og axli ábyrgð á vettvangi alþjóðamála.

Norræna ráðherranefndin fagnar tímamótunum með afmælisráðstefnu í Hörpu, Reykjavík, 26. ágúst 2014.

Dagskrá ráðstefnunnar er fjölbreytt en boðið verður upp á tónlistarflutning, myndbandssýningu, hátíðarræður, fyrirlestra og pallborðsumræður ungmenna, stjórnmálamanna og sérfræðinga. Á ráðstefnunni verður fjallað um mótun og þróun norrænnar jafnréttisstefnu og helstu áskoranir í málaflokknum. Einkum verður lögð áhersla á jafnrétti á vinnumarkaði, menntun, og aukna þátttöku karla og drengja í jafnréttisstarfi. Um þessar mundir er fagnað aldarafmæli kosningaréttar kvenna á Norðurlöndum og af því tilefni verður hugað að stöðu lýðræðis með hliðsjón af stjórnmálaþátttöku kvenna.

Það er okkur mikil ánægja að bjóða þér og öðru áhugafólki um jafnréttismál á afmælisráðstefnuna.


Við vonum að ráðstefnan verði okkur öllum innblástur til frekari framfara á sviði jafnréttismála.

Afmælisráðstefnan verður haldin í Hörpu.

Við hlökkum til að hitta þig í Reykjavík.



Eygló Harðardóttir
 félags-, húsnaðis- og samstarfsráðherra Norðurlanda.



Dagfinn Høybråten
 framkvæmdastjóri Norrænu ráðherranefndarinnar.

Dagskrá >>>>

STAÐUR OG STUND

Harpa, Reykjavík
 26. ágúst: 09.30 – 17.30
 Skráning: 09.00 – 09.30

TÚLKUN

Ráðstefnan fer fram á Norðurlandamálum og túlkað verður á finnsku, íslensku og ensku.

UPPLÝSINGAR UM DAGSKRÁ

Upplýsingar um dagskrá veitir
 Rósa Guðrún Erlingsdóttir:
 rosa.erlingsdottir@vel.is

SKRÁNING OG UPPLÝSINGAR

Skráning til 22. ágúst 2014 á:
<http://jubilconf.yourhost.is/registrering>
 Takmarkaður fjöldi þátttakenda



Afmælisráðstefna í Hörpu í Reykjavík 26. ágúst 2014

Tónlist. Áshildur Haraldsdóttir flautuleikari.

Ráðstefnustjóri: Charlotte Bøving leikkona.

- 09:00 Skráning.
- 09.30 Setning ráðstefnu. Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra og samstarfsráðherra Norðurlanda.
- 09:40 Hátíðarávarp. Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands.
- 09:55 *Kynjajafnrétti – að nýta mannauð samfélagsins.* Satu Haapanen, varaformaður borgara- og neytendaneftarinnar hjá Norðurlandaráði og þingmaður græningja á finnska þinginu.
- 10:05 *Norrænt samstarf í jafnréttismálum. Ábyrgð og skyldur Norðurlanda í alþjóðasamskiptum.* Margot Wallström, stjórnarformaður Háskólans í Lundi.
- 10.25 *Hver er árangur Norðurlandanna og hvað geta þau lagt af mörkum á alþjóðavettvangi?* Pallborðsumræður með þátttöku Eyglóar Harðardóttur, Vigdísar Finnbogadóttur og Margot Wallström. Umræðustjóri: Bogi Ágústsson, fréttá- og sjónvarpsmaður.
- 11.00 *Leit að kyni – á öllum Norðurlöndum.* Það eru margir sem gjarnan vilja hittast og vinna saman þvert á landamæri. Það getur þó verið erfitt að koma auga á bestu leiðirnar að markmiðinu. En nú er lausnin fundin! Josefine Alvunger, framkvæmdastjóri hjá NIKK, Norræna upplýsingasetrinu um kynjafræði, kynnir þrjár uppgvötanir sem færa okkur verkfæri til að vinna jafnréttismálum á Norðurlöndum gagn.
- 11.15 *New Action on Women's Rights!* Norrænu kvennahreyfingarnar krefja stjórnvöld um aðgerðir til að mæta áskorunum í jafnréttismálum á Norðurlöndum. Gertrud Åström, félagi í framkvæmdastjórn Nordiskt Forum og formaður sænska kvenréttindafélagsins (Sveriges kvinnolobby).
- 11.30 – 12.30 Hádegismatur
- 12.30 Ari Eldjárn skemmtikraftur fjallar um jafnréttismál.
- Málstofa um karla og jafnrétti**
- 12.45 *Aukin þátttaka karla í jafnréttismálum – helstu áskoranir.* Steen Baagøe Nielsen, lektor við Hróarskeldu-háskóla, fyrrverandi formaður NeMM – Norræns samstarfsnets um karlarannsóknir (Nordisk Netværk for Mandeforskning) og félagi í sérfræðinganevnd ESB um kynjajafnrétti (The European Institute for Gender Equality Expert Forum - EIGE).
- 13.15 *Breytingar „á forsendum karla“. Framför eða bakslag?* Viðbrögð og umræðustjórn: Ingólfur V. Gíslason, lektor í félagsfræði við Háskóla Íslands.
- Málstofa um kyn og lýðræði**
- 13.45 *Endurspeglar fulltrúalýðræðið þjóðina?* Hege Skjeie, prófessor í stjórnmálafræði við Háskólann í Ósló og félagi í norsku framkvæmdanevndinni um 100 ára kosningarétt kvenna.
- 14.15 *Vangaveltur frá Finnlandi um kosningarétt og lýðræði.* Viðbrögð og umræðustjórn: Malin Gustavsson, ráðgjafi í jafnréttismálum.
- 14.45 Kaffi og veitingar
- Pallborðsumræður**
- 15.15 Pallborðsumræður norrænna sérfræðinga um jafnréttismál: *Auður Styrkárstöttir*, forstöðumaður Kvennasögusafns Íslands. *Kerstin Alnebratt*, framkvæmdastjóri Rannsóknarstofnunarinnar í kynjafræði í Svíþjóð. *Linda Marie Rustad*, forstöðumaður KILDEN í Noregi. *Minna Kelhå*, þróunarstjóri Minna – Upplýsingamiðstöðvar um jafnréttismál í Finnlandi. *Nina Groes*, forstöðumaður KVINFO í Danmörku. Umræðustjóri: Dr. Fredrik Bondestam, rannsakandi hjá NIKK, Norræna upplýsingasetrinu um kynjafræði.
- 16.15 Áskoranir í jafnréttismálum. Pallborðsumræður um verkefni framtíðarinnar í samstarfi við Norðurlandaráð æskunnar: *Aili Liimakka Laue*, Grænland. *Alexander Blum Bertelsen*, Danmörk. *Ingrid Eriksson*, Álandseyjar. *Li Andersson*, Finnland. *Maria Kristina Smith*, Færeyjar. *Mathilde Tybring - Gjedde*, Noregur. *Óskar Steinn Ómarsson*, Ísland. *Sara Skyttedal*, Svíþjóð. Umræðustjóri: Dr. Fredrik Bondestam, rannsakandi hjá NIKK, Norræna upplýsingasetrinu um kynjafræði.
- 17.15 Ráðstefnulok: Kristín Ástgeirsdóttir, framkvæmdastjóri Jafnréttisstofu.
- 17.30 Móttaka í Hörpu. Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri ávarpar gesti ráðstefnunnar. Kvennakórinn Katla syngur íslenska og norræna ljóðasöngva.